

Aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands 18. maí 2020:

Fundagerð.

a) Kosnir starfsmenn fundarins

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir fundastjóri, Anna Lilja Magnúsdóttir tæknimál, Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir og Þórunn Skúladóttir fundaritarar

Tillaga um starfsmenn fundarins var samþykkt.

b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar

Laufey Elísabet Gissurardóttir

Félagið er 55 ára í dag og gaman að halda aðalfund á þessum degi. Fyrsta sinn sem aðalfundur fer fram með þessu sniði eða í fjarfundi. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Mestur tími hefur farið í kjarasamninga á starfsárinu 2019-2020. Haldið var málþing í janúar. Starf í ráðum og nefndum hefur gengið vel. Félagið stækkar 776 meðlimir í dag og 6 fagaðilar. Trúnaðamannaráð er öflugt hjá félaginu og mikilvægt í t.d. kjaraviðræðum undanfarið. Kjalarmál hafa verið viðvarandi mál hjá félaginu þetta árið. Samningar hafa náðst við Ríkið og samband íslenskra sveitarfélaga. Viðræður eru í gangi við Rvík. Erum í samfloti með fimm félögum innan BHM í samningaviðræðum við Rvík. Ás styrktarfélgja og Skáltún bíða uns samningum er lokið við Rvík. Áhyggjuefni er kulnun í starfi hjá þroskaþjálfum. Biðlistar hjá Virk. Þarf að fara í einhverskonar forvarnarstarf þarna. Laufey situr í stjórn BHM. Málþing/fræðsla 2. okt. á degi þroskaþjálfna -yfirskrift; Þvingun og valdbeiting Málþing; Lífið og lögin þar voru það notendur sem fluttu erindi. Erindi um SIS mat þar sem að þroskaþjálfarnir Þórunna og Guðný kynntu SIS matið. Erlent samstarf hefur gengið ágætlega efni haustfundar var kulnun í starfi og farið í gegnum stöðu vegna Covid-19. Reglulegt samstarf er við HÍ og hefur útskriftarnemum verið boðið til okkar. Einnig farið í skólann og félagið kynnt fyrir 1. árs nemum.

Mikilvægt er að hafa virka félagsmenn og er þeim þakkað fyrir sín störf í ráðum og nefndum.

c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess

Bjarnveig Magnúsdóttir

Bjarnveig fór yfir ársreikninga félagsins, Kjaradeilusjóð og Vísindasjóð en þeir eru birtir á heimasíðu félagsins.

Ársreikningur - 39 atkvæði með og enginn á móti - telst samþykkt

Kjaradeilusjóður-39 atkvæði með og enginn á móti - telst samþykkt

Vísindasjóður - 39 atkvæði með og enginn á móti - telst samþykkt

d) Lagabreytingar
Þóroddur Þórarinnsson

2.gr.

Er í dag

6. Að gæta hagsmuna fatlaðra, stuðla að framförum í málefnum þeirra og beita sér fyrir auknum skilningi á stöðu þeirra og þörfum.

Tillaga að verði

6. Að gæta hagsmuna **fatlaðs fólks**, stuðla að framförum í málefnum þeirra og beita sér fyrir auknum skilningi á stöðu þeirra og þörfum.

3. gr.

Er í dag

3. gr.

Rétt til fullrar aðildar að félaginu eiga:

- Þroskaþjálfar sem hlotið hafa starfsleyfi á Íslandi og greiða stéttarfélagsgjöld til félagsins.
- Lífeyrisþegar innan ÞÍ halda fullum félagsréttindum en greiða ekki félagsgjöld.
- Rétt til fagaðildar að félaginu eiga: Þroskaþjálfar sem hlotið hafa starfsleyfi á Íslandi og greiða faggjöld. Þeir hafa ekki ákvörðunarvald um kjara og samningamál.
- Þroskaþjálfanemar geta orðið aukafélagar og hafa tillögurétt og málfrelsi en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.

Tillaga að verði.

3. gr.

Rétt til að sækja um aðild að félaginu eiga:

- Þroskaþjálfar sem hlotið hafa starfsleyfi á Íslandi og greiða stéttarfélagsgjöld til félagsins.
- **Þroskaþjálfar sem fá lífeyri/eftirlaun halda félagsréttindum en greiða ekki félagsgjöld. Þeir hafa ekki ákvörðunarvald um kjara og samningamál.**
- Rétt til fagaðildar að félaginu eiga: Þroskaþjálfar sem hlotið hafa starfsleyfi á Íslandi og greiða faggjöld. Þeir hafa ekki ákvörðunarvald um kjara og samningamál.
- Þroskaþjálfanemar geta orðið aukafélagar og hafa tillögurétt og málfrelsi en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi.

4. gr.

Er í dag

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til stjórnar og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn hefur borist enda sé hann skuldlaus við félagið. Greiði fagfélagar eigi tvær greiðslur til félagsins, missa þeir félagsréttindi sín og þar með kosningarétt og kjörgengi. Uppgjör á skuld eða samkomulag þar að lútandi leiðir til fullra fagaðildar að nýju.

Tillaga að verði

4. gr.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til stjórnar og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn hefur borist enda sé hann skuldlaus við félagið. **Hægt er að segja sig úr félaginu skriflega eða á heimasíðu og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn hefur borist enda sé hann skuldlaus við félagið.** Greiði fagfélagar eigi tvær greiðslur til félagsins, missa þeir félagsréttindi sín og þar með kosningarétt og kjörgengi. Uppgjör á skuld eða samkomulag þar að lútandi leiðir til fullra fagaðildar að nýju.

6.gr.

Er í dag

6. gr.

Stjórn fer með málefni félagsins milli aðalfunda, hefur eftirlit með því að lögum þess, samþykktum og samningum sé framfylgt og er í forsvari fyrir félagið út á við. Formaður boðar til stjórnarfundar og stýrir þeim. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari skal halda gjörðarbók yfir stjórnar- og félagsfundi. Gjaldkeri annast sjóðgæslu félagsins og hefur umsjón með fjármálum þess. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórn er heimilt að skipa nefndir eða starfshópa til að sinna ákveðnum verkefnum.

Tillaga að verði

6. gr.

Stjórn fer með málefni félagsins milli aðalfunda, hefur eftirlit með því að lögum þess, samþykktum og samningum sé framfylgt og er í forsvari fyrir félagið út á við. Formaður boðar til stjórnarfundar og stýrir þeim. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari skal **skrá fundargerðir (gjörðarbók)** yfir stjórnar- og félagsfundi. Gjaldkeri annast sjóðgæslu félagsins og hefur umsjón með fjármálum þess. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund og ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Stjórn er heimilt að skipa nefndir eða starfshópa til að sinna ákveðnum verkefnum.

8.gr. g liður

Er í dag

- g) lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin

Lagt til að verði

- g) lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld og **framlag í kjaradeilusjóð** ákveðið

9.gr.

Er í dag

9. gr.

Aðalfundur ákveður félagsgjöld starfandi þroskaþjálfa sem ákveðið hlutfall af launum. Aðalfundur ákveður einnig félagsgjald þroskaþjálfa sem eiga fagaðild að félaginu með einn gjalddaga eða fleiri. Þeir þroskaþjálfanemar sem ganga í félagið greiða ekki félagsgjöld. Félagar sem eru lífeyrisþegar skulu undanþegnir greiðslu félagsgjalda.

Lagt til að verði

9. gr.

Aðalfundur ákveður félagsgjöld starfandi þroskaþjálfa sem ákveðið hlutfall af launum. Aðalfundur ákveður einnig félagsgjald þroskaþjálfa sem eiga fagaðild að félaginu með einn gjalddaga eða fleiri. Þeir þroskaþjálfanemar sem ganga í félagið greiða ekki félagsgjöld. Félagar sem **fá lífeyri/eftirlaun** skulu undanþegnir greiðslu félagsgjalda.

10.3 gr.

Er í dag

10.3 Útgáfuráð

Félagið skal standa að blaðaútgáfu, sjálfstætt eða í samráði við aðra aðila. Aðalfundur kýs í útgáfuráð sex félagsmenn til tveggja ára, þrjá hvort ár. Sjöundi nefndarmaðurinn er tilnefndur af Rannsóknarsetri í þroskaþjálfafraeðum. Hlutverk útgáfuráðs er að sjá um útgáfustarfsemi á vegum félagsins.

Lagt til að verði

10.3 Útgáfuráð

Félagið skal standa að **útgáfu**, sjálfstætt eða í samráði við aðra aðila. Aðalfundur kýs í útgáfuráð sex félagsmenn til tveggja ára, þrjá hvort ár. Sjöundi nefndarmaðurinn er tilnefndur af Rannsóknarsetri í þroskaþjálfafraeðum. Hlutverk útgáfuráðs er að sjá um útgáfustarfsemi á vegum félagsins.

11.2. gr

Er í dag

11.2 Vísindasjóður

Stjórn vísindasjóðs skipa fimm félagar sem tilnefndir eru af stjórn félagsins. Stjórn vísindasjóðs starfar samkvæmt reglum sjóðsins sem sjóðsstjórn setur og stjórn ÞÍ staðfestir.

Lagt til að verði.

11.2 Vísindasjóður

Stjórn vísindasjóðs skipa **þrjú** félagar sem tilnefndir eru af stjórn félagsins. Stjórn vísindasjóðs starfar samkvæmt reglum sjóðsins sem sjóðsstjórn setur og stjórn ÞÍ staðfestir.

13.gr.

Er í dag

13. gr.

Félagið skal standa að blaðaútgáfu, sjálfstætt eða í samráði við aðra aðila.

Lagt til að verði

13. gr.

Félagið skal standa að **útgáfu**, sjálfstætt eða í samráði við aðra aðila.

14. gr.

Er í dag

Í október annað hvert ár skal kjósa trúnaðarmenn. Á vinnustöðum þar sem starfa fimm þroskaþjálfar eða fleiri, er þeim heimilt að velja einn trúnaðarmann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa trúnaðarmenn fyrir félagssvæði eða hluta þess vegna starfsmanna á vinnustöðum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn félagsins þegar í stað á þar til gerð eyðublöð.

Lagt til að verði

Í október annað hvert ár (**oddatala**) skal kjósa trúnaðarmenn. Á vinnustöðum þar sem starfa fimm þroskaþjálfar eða fleiri, er þeim heimilt að velja einn trúnaðarmann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa trúnaðarmenn fyrir félagssvæði eða hluta þess vegna starfsmanna á vinnustöðum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn félagsins þegar í stað á þar til gerð eyðublöð.

Allar tillögur í þessum lið samþykktar með 42 atkvæðum og enginn á móti.

4.gr. Breytingartillaga við lagabreytingartillögu.

Hægt er að skrá sig í og úr félaginu skriflega eða á heimasíðu.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til stjórnar og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn hefur borist enda sé hann skuldlaus við félagið. ~~Hægt er að segja sig úr félaginu skriflega eða á heimasíðu og telst viðkomandi genginn úr félaginu þremur mánuðum eftir að úrsögn hefur borist enda sé hann skuldlaus við félagið.~~ Greiði fagfélagar eigi tvær greiðslur til félagsins, missa þeir félagsréttindi sín og þar með kosningarétt og kjörgengi. Uppgjör á skuld eða samkomulag þar að lútandi leiðir til fullra fagaðildar að nýju.

Tillagan er samþykkt með 42 atkvæðum - enginn á móti

e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð

Valborg Helgadóttir

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2020–2022

Stjórn ÞÍ

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2020-2022
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2018-2020)	Laufey E. Gissurardóttir
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko	varaformaður	(2019-2021)	
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir		(2019-2021)	
Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir		(2018-2020)	Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir
Steinunn Jónsdóttir		(2018-2020)	Steinunn Jónsdóttir
Hanna Kristín Sigurðardóttir		(2019-2021)	
Bjarnveig Magnúsdóttir		(2018-2020)	Bjarnveig Magnúsdóttir

Útgáfuráð

Særún Ósk Böðvarsdóttir		(2018-2020)	Hallbjörn Valgeir Rúnarsson
Selma Hauksdóttir		(2018-2020)	Ingibjörg Elín Baldursdóttir
Trausti Júlíusson		(2019-2021)	
Friðþór Vestmann Ingason		(2019-2021)	
Embla Rún Hakadóttir		(2018-2020)	Guðrún Benjamínsdóttir
Laufey Gunnarsdóttir		(2019-2021)	

Fagráð

Særún Sigurjónsdóttir		(2019-2021)	
Kolbrún Ósk Albertsdóttir		(2018-2020)	Sigrún Stella Þrastardóttir
Kristbjörg Hjaltadóttir		(2018-2020)	Marta María Vídó
Lilja Össurardóttir		(2019-2021)	
Auður Björk Kvaran		(2019-2021)	
Sigurbjörn Björnsson		(2018-2020)	Sunna Mjöll Bjarnadóttir
Kolbrún Stígsdóttir		(2018-2020)	Kolbrún Stígsdóttir

Laganefnd

Ragnildur Sigurðard.		(2019-2021)	
Helga Magnúsdóttir		(2019-2021)	
Ragnildur Þorsteinsdóttir		(2018 -2020)	Steinunn Hafsteinsdóttir
Guðný Stefánsdóttir		(2019-2021)	
Þóroddur Þórarinsson		(2018-2020)	Björn Finnbogason

Kjörnefnd

Valborg Helgadóttir		(2019-2021)	
Bjarghildur Pálsdóttir		(2019-2021)	
Ragna Ragnarsdóttir		(2019-2021)	
Rún Halldórsdóttir		(2018-2020)	Brynjar Hans Lúðvíksson
Ragnhildur Þórarinsdóttir		(2018-2020)	Ragnhildur Þórarinsdóttir

Tillögurnar teljast samþykktar

f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara

Valborg Helgadóttir

Tillaga:

Fanney Sumarliðadóttir

Sigríður Rut Hilmarsdóttir

Jóhanna Margrét - til vara

Tillagan er samþykkt með 42 atkvæðum og enginn á móti

Siðanefnd

Tillaga stjórnar:

Signý Þórðardóttir

g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin

Anna Lilja Magnúsdóttir

Fjárhagsáætlun 2020 er hægt að skoða á heimasíðu félagsins.

Félagsgjöld eru 1,1 % af heildarlaunum er samþykkt með 42 atkvæðum engin atkvæði á móti. Greiðsla í kjaradeilusjóð 3.000.000 kr. er samþykkt með 43 atkvæðum og enginn atkvæði á móti.

h) Önnur mál

Spurt um stöðu kjarasamninga við Reykjavíkurborg - hafa ekki gegnið vel varnarbarátta að halda í réttindi sem eru til staðar erum ekki tilbúin að láta t.d. Vísindasjóð. Ákveðið að fara í samflot við fimm félög í BHM í viðræðum við Reykjavíkurborg. Fundur á morgun.

hafa verið flóknar viðræður - miklar breytingar á vinnutímatilhögun - breyta vaktaálagi - Betrivinnutimi.is þar er hægt a skoða vinnutímabreytingar. Þar er reiknivél þar sem fólk í vaktavinnu getur sett inn 4 tíma vatkarúllu og séð hvernig vaktahvatinn grípur þig. Þá getur fólk ýmist fengið frá 2.5% upp í 12% aukningu.

Laufey þakkar fyrir fundinn og vel unnin störf.

Fundi slitið.

Fundaritari: Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir og Þórunn Skúladóttir